

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1723*  
*komudagur 10.3.2003*

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2003

Stjórn Barnaheilla fagnar frumvarpi til laga um meðlagsgreiðslur, 150. mál og telur að breytingin muni bæta réttarstöðu barna, sérstaklega þeirra sem búa hjá aðeins öðru foreldrinu.

Virðingarfyllst,

---

Guðbjörg Björnsdóttir, formaður

Félag einstæðra foreldra-Tjarnargötu 10d-101 Reykjavík-sími 5511822

Alþingi

Erindi nr. **P** 128/1678

komudagur. 11. 3. 2003

Reykjavík, 10. mars 2003

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Félag einstæðra foreldra styður frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra. Með þessum lögum er stigið skref í þá átt að bæta kjör einstæðra foreldra.

Frumvarp þetta er lagt fyrir háa Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003, þingskjal. 150 – 150. mál..

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Félags einstæðra foreldra



Margrét Berndsen formaður

FÉLAG EINSTÆÐRA FORELDRA

Tjarnargata 10d

Sími: 551-1822 • Fax: 562-8270

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1617*  
*komudagur 10.3.2003*



REYKJANESBÆR

Tjarnargata 12 • 230 Keflavík, Reykjanesbær  
Sími: 421 6700 • Símbref: 421 4667 • www.rnb.is

Alþingi  
Ágúst Geir Ágústsson  
nefndaritari  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ 6. mars 2003  
Tilvísun: 2003020190

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um meðlagsgreiðslur - 150. mál breyting ýmissa laga**

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar fagnar framkomnu frumvarpi til laga um meðlagsgreiðslur og telur að hér sé um mikið réttindamál að ræða sem muni bæta hag, kjör og heilsu einstæðra foreldra, en fyrst og fremst barna. Við teljum að þessi bættu lífsskyliroði muni hafa áhrif á líkfskjör og möguleika barna m.a.til tómsunda og menntunar.

Starfsmenn Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar hafa séð þess mörg dæmi að núverandi fyrirkomulag hamli því að einstæðir foreldrar láti reyna á möguleikann til viðbótar meðlagsgreiðslna.

Ofangreint tilkynnist hér með

Hjördís Árnadóttir  
Félagsmálastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1543*  
*komudagur 6.3.2003*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2003.

Í bréfi yðar dags. 26. febrúar 2003 óskið þér eftir umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

128. löggjafarþing 2002-2003.  
þskj. 150-150. mál.

Það er augljóst að umsögnin takmarkast við III. kafla frumvarpsins. Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Í núgildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga segir svo, 3. mgr. 3. gr. laganna “Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnameðlags, sem hærrí er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum”.

Stjórn Innheimtustofnunar hefur ávallt hafnað innheimtubeiðnum skv. ofanskráðu og fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ekki sé bætandi á útgjöld Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem ávallt greiðir það sem á vantar við innheimtu meðlaga ársins, þannig að hægt sé að gera 100% uppgjör við Tryggingastofnun ríkisins.

Árið 2002 nam þessi upphæð kr. 713 milljónum. Þetta eru tilfinnanleg útgjöld fyrir Jöfnunarsjóðinn, þegar haft er í huga hversu mörg sveitarfélög eru háð honum varðandi afkomu.

Árið 2003 er áætlað að kröfur Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun muni nema kr. 2.800 milljónum og sækja þurfi kr. 780 milljónir í Jöfnunarsjóð.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun kröfugerð á Tryggingastofnun stóraukast. Óþrúttið fólk getur séð sér leik á borði og gert málamyndasamninga hvað varðar meðlög. Sú trygging sem einfalt meðlag hefur verið og samsvarar barnalífeyri almennatrygginga hefur kostað skattborgarana stórfé.

Ennfremur eru nú lagðar út greiðslur skv. barnalögum, hvað varðar fermingar, skírnir, tannviðgerðir o.fl. Þeir sem vilja og geta greitt meira með börnum sínum geri það sjálfir eins og ávallt hefur verið.

Í frumvarpinu er fjallað um framfærslukostnað barna á aldrinum 13-15 ára og er hann talinn um 500 þús.kr. árlega. Meðlag með einu barni er nú kr. 15.558 pr. mánuð.

Hafa verður í huga að fjárhæð barnalífeyris og annarra fjárhæða í almannatryggingum hefur ávallt tekið mið af almennum töxtum fyrir verkamannavinnu.

Ef miðað er við jafnt framlag beggja foreldra er framlagið kr.  $15.558 \times 2 = 31.116$  eða kr.  $31.116 \times 12 =$  kr. 373.392. Til viðbótar koma óskertar barnabætur einstæðra foreldra (í þessu dæmi) kr. 200.282. Samtals kr. 573.392.

Staðan í dag í þessum efnum er því ekki slæm, þegar íslenskur raunveruleiki er skoðaður.

Niðurstaða Innheimtustofnunar er því sú, að leggjast beri gegn frumvarpinu vegna þess að samþykkt þess rýrir hag þeirra sveitarfélaga, sem þurfa svo mjög á Jöfnunarsjóði að halda.

Virðingarfyllst,  
**Innheimtustofnun sveitarfélaga**

sign.  
Sigurgeir Sigurðsson  
form. stjórnar

sign.  
Hilmar Björgvinsson  
forstjóri

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

### Efni: Lagafrumvarp - Meðlög

Vísað er til bréfs hv. efnahags- og viðskiptanefndaar, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra (þskj. 150 - 150. mál). Í tilefni af frumvarpi þessu vill ríkisskattstjóri leyfa sér að benda á að embættið sendi háttvirtri nefndar umsögn, dags. 19. apríl 2002, um efnislega samhljóða frumvarp á síðasta þingi. Í umsögn embættisins þá sagði svo:

"Þann 11. apríl sl. barst ríkisskattstjóra erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis varðandi hjálagt frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna. Erindið var sent ríkisskattstjóra til umsagnar.


Í nefndu frumvarpi er m.a. lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, að afnumin verði skattlagning á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag. Samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt telst tvöfalt meðlag (meðlag sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar) skattfrjálst, en er skattlagt eftir það.

Ákvæði laganna sem hér er lögð til breyting á er í raun meginákvæðið um tekjur, þ.e. það ákvæði sem hefur að geyma tekjuskilgreiningu laganna. Tekjuskattlagning á Íslandi byggir á mjög víðu tekjuhugtaki og almennt er varasamt að þrengja það vegna fordæmisáhrifa og framkvæmdaerfiðleika sem það kann að skapa. Eins og fyrr er getið eru meðlagsgreiðslur sem nema tvöfaldri fjárhæð barnalífeyris ekki skattskyldar tekjur samkvæmt gildandi lögum. Rökin á bak skattfrelsi meðlagsgreiðslna byggja almennt á meginsjónarmiðum um fjármunatilfærslur á milli aðila innan grunnfjölskyldueiningar. Tekjurnar eru þannig skattlagðar þegar til þeirra er unnið af meðlagsgreiðanda, en ráðstöfun til móttakanda telst ekki til tekna vegna tengsla aðila. Er þannig verið að tryggja einsköttun tekna sem varið er til meðlagsgreiðslna og er þannig varið til að standa straum af framfærslukostnaði fjölskyldu. Erlendis er misjafnt hvort skattbyrðin flyst af meðlagsgreiðandanum yfir á móttakanda teknanna (en þá eru meðlögin skattlögð hjá móttakanda sem nýtur í reynd teknanna en veittur frádráttur hjá greiðanda) eða hvort þau eru skattfrjáls hjá móttakanda eins og hér er lagt til. Það er grundvallarsjónarmið um tekjuskattlagningu á Vesturlöndum að hún byggir á svonefndri meginreglu um greiðslugetu. Í því felst að skattlagning má ekki ganga svo nærri mönnum að greiðslugeta til kaupa á a.m.k. nauðþurftum má ekki skerðast óhæfilega.

Ætla verður að ekki sé hætt á því hér, enda gengið út frá því að í meðlagsúrskurði eða staðfestum samningi um meðlagsgreiðslu sé tekið mið af greiðslugetu meðlagsgreiðanda, m.a. með hliðsjón af að hann greiði skatta af meðlagsfénu. Í ljósi þessa gerir ríkisskattstjóri út af fyrir sig engar athugasemdir við framangreindar breytingartillögur."

Ríkisskattstjóri telur forsendur ekki hafa breyst frá því að framanreifuð umsögn var látin í té og vísar því til hennar varðandi afstöðu embættisins til fyrirbyggjandi frumvarps.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Friðleifur Jóhannsson

  
Bragi Gunnarsson



Dagsetning

Tilvísun

Alþingi Íslendinga  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK.

Ísafirði, 10. mars 2003

Efni: Umsögn sýslumannsins á Ísafirði um frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur.  
Þskj: 150 - mál: 150.

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur mótttekið bréf efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra og sendir af því tilefni svohljóðandi:

#### u m s ö g n

1. Í tengslum við orðalag 2. gr. frumvarpsins er vakin er athygli á því að samkvæmt 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er meðlag vegna menntunar úrskurðað til barns en ekki foreldris.
2. Telja verður að 3. gr. frumvarpsins sé mjög til bóta, þar sem innheimta viðbótarmeðlags hefur reynst erfið og tafsöm fyrir marga, enda þótt lagaskilyrði hafi verið fyrir hendi.

  
Sigríður E. Guðjónsdóttir  
sýslumaður á Ísafirði





# SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/1502*

*komudagur 5.3.2003*

Dagsetning


Tilvísun

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

4. mars 2003

Með bréfi yðar, dags. 26. febrúar 2003, var embættinu sent til umsagnar frumvarp til laga um meðlagsgreiðslur, 150. mál, breyting ýmissa laga. Af hálfu embættisins er ekki talin ástæða til að gefa umsögn um málið.

Virðingarfyllst,

  
Rúnar Guðjónsson sýslumaður



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1504*

*komudagur 6. 3. 2003*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. mars 2003

ÁPS/EA/KSG/016/03

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögbundið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, 150. mál.**

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 26. febrúar 2003, um að Tryggingastofnun ríkisins veiti umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er lagt til Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu meðlags umfram lögbundið lágmarksmeðlag, að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta meðlag umfram lögbundið lágmark án kostnaðar fyrir meðlagsmóttakanda, og að skattlagning meðlagsgreiðslna verði afnumin.

Ekki er talin ástæða til að gera athugasemdir við að einstæðir foreldrar hafi aðgang að Tryggingastofnun um allar meðlagsgreiðslur sem úrskurðaðar eru eða samið er um, óháð fjárhæð, enda verði núgildandi lagaákvæði um endurgreiðslur Innheimtustofnunar sveitarfélaga óbreytt. Stofnunin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur að það geti stuðlað að aukinni velferð barna einstæðra foreldra, nái það fram að ganga.


Rétt er þó að vekja athygli á því að í greinargerð með lagafrumvarpinu, bæði í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 2. og 4. gr. er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins sé *heimilt* að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag, en í núgildandi 1. mgr. 25. gr. barnalaga nr. 20/1992 er Tryggingastofnun gert *skylt* að greiða meðlag að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið er óbreytt að þessu leyti í frumvarpinu. Heppilegra kann að vera að gæta samræmis í orðavali milli greinargerðar og lagafrumvarps, þótt ákvæðið sjálft taki að sjálfsögðu af öll tvímæli um skyldu stofnunarinnar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir orðalagsbreytingu á 1. mgr. 59. gr. almannatryggingalaga. Er breytingin meðal annars á þann veg að foreldri sem fær úrskurð stjórnvalds um menntunarmeðlag skv. 13. gr. barnalaga skuli hafa aðgang að Tryggingastofnun ríkisins varðandi þær greiðslur. Af því tilefni er rétt að vekja athygli á því að það er ungmennið sjálft en ekki foreldri þess sem fær úrskurð um greiðslu menntunarfamlags og er rétthafi greiðslna, enda eru greiðslur þessar m.a. bundnar við að fjárræðisaldri sé náð. Tryggingastofnun hefur nú þegar milligöngu um greiðslu

framlags vegna menntunar og er það á grundvelli ákvæðis 2. mli. 2. mgr. 26. gr. barnalaga.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki afstöðu til skattalegrar meðferðar meðlagsgreiðslna.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason  
forstjóri